

hann er. Ef ekki er kunnugt um eiganda slíkra kinda, skal fara með þær sem annað óskilafé í þeim hreppi sem ætla má að þær séu komnar frá. Ef sannað verður hver flutt hafi óráðstafaðar kindur, eða aðra gripi til sláturhúss, með þeim afleiðingum sem af því hljóttast, má gera hann skaðabótaskyldan, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

IX. KAFLI Almenn ákvæði.

54. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum, og renna sektir í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brot er framið í.

55. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum gegn fyrirmælum þessarar samþykktar skal farið að hætti opinberra mála.

56. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi sem héraðsnefnd Mýrasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 377 29. ágúst 1975.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl.,
nr. 787 13. desember 1983, með síðari breytingum.**

1. gr.

4. gr. breytist þannig:
2. másl. 2. mgr. a-liðar orðist svo: Þetta gildir þó ekki um próf til aukinna ökuréttinda.
 - Í stað „aksturs leigubifreiða til mannflutninga eða fólksflutninga fyrir fleiri en 16 farþega“ í 4. mgr. b-liðar komi: að stjórna hópþifeið eða þifeið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

2. gr.

Í stað „Bifreiðaeftirlits ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. komi: ökunámsdeildar Umferðarráðs.

3. gr.

Í stað „bifreiðaeftirlitsmanni“ í 10. gr. komi: prófdómanda við ökuþróf.

4. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Eigi má nota bifreið eða bifhjól til ökukennslu fyrr en Bifreiðaskoðun Íslands hefur viðurkennt ökutækið. Framan og aftan á kennslubifreið skulu vera spjöld sem á er letrað „Kennslubifreið“. Umferðarráð ræður gerð spjaldanna. Óheimilt er að nota spjöldin þegar bifreiðin er notuð til annars en ökukennslu.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:

- a. Í stað „Bifreiðaeftirlit ríkisins“ í 2. másl. 1. gr. komi: stjórn Umferðarráðs.
- b. Í stað „dómsmálaráðuneytisins“ í 3. mgr. komi: Umferðarráðs.
- c. 4. mgr. falli niður.

6. gr.

Fyrirsögn á undan 13. gr. orðist svo: **D. Kennsla til aukinna ökuréttinda.**

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Kennsla í meðferð og stjórn vöðrubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira, hópibifreiða og bifreiða til farþegaflutninga í atvinnuskyni skal fara fram á sérstökum námskeiðum á vegum ökuskóla.

Stjórn Umferðarráðs veitir leyfi fyrir ökuskóla til námskeiðahalds skv. 1. mgr.

8. gr.

14. gr. orðist svo:

Leyfi fyrir ökuskóla til námskeiðahalds skv. 13. gr., til eins ökuréttindaflokks eða fleiri, skal veita þeim sem uppfylla eftirgreind skilyrði:

- a) Forstöðumaður ökuskóla skal vera löggiltur ökukennari.
- b) Aksturskennsla skal vera í höndum löggilts ökukennara, sem rétt hefur til að stjórna ökutæki í hlutaðeigandi réttindaflokki.
- c) Ökuskóli hafi aðgang að kennslufræðilegri ráðgjöf.
- d) Ökuskóli leggi fram námsáætlanir, áætlanir um kennsluefni og önnur gögn eftir því sem við á og stjórn Umferðarráðs ákveður.
- e) Ökuskóli hafi aðgang að ökutæki af þeirri gerð sem við á og annarri aðstöðu til verklegrar og bóklegrar kennslu.
- f) Ökuskóli setji fram tryggingu vegna námskeiðsgjalda sem nemendur greiða.

Leyfi skal veitt til a.m.k. 6 mánaða í senn, þó ekki lengur en til 5 ára. Leyfið má afturkalla ef stjórn Umferðarráðs telur að skilyrði fyrir leyfisveitingu séu ekki lengur fyrir hendi.

9. gr.

15. gr. orðist svo:

Skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði skv. 13. gr. er að umsækjandi:

- a) hafi náð 19 ára aldri, og
- b) hafi haft réttindi til aksturs bifreiðar síðustu 6 mánuði.

Umsókn skal fylgja læknisvottorð skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Umsækjandi skal sanna að hann hafi uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. með því að framvísa gildu ökuskírteini.

10. gr.

16. gr. orðist svo:

Kennsla á námskeiði skal vera verkleg og fræðileg.

Um kennsluna, þ.á.m. fjölda kennslustunda á námskeiði og próf, fer að öðru leyti eftir námskrá sem stjórn Umferðarráðs setur og dómsmálaráðherra staðfestir.

Ökuskóli lætur nemanda í té vottorð um að hann hafi lokið námi, skv. nánari fyrirmælum Umferðarráðs.

11. gr.

17. gr. falli niður.

12. gr.

20. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra löggildir prófdómendur við ökuþróf að fengnum tillögum stjórnar Umferðarráðs. Prófdómendur mega ekki stunda ökukennslu.

Stjórn Umferðarráðs getur ráðið sérfróða prófdómendur til prófdómendastarfa í einstökum greinum, þó ekki í prófakstri bifreiða og bifhjóla, annarra en léttra bifhjóla.

13. gr.

21. og 22. gr. falli brott.

14. gr.

Fyrirsögn á undan 35. gr. orðist svo: **C. Próf til aukinna ökuréttinda.**

15. gr.

35. gr. orðist svo:

Ökunámsdeild Umferðarráðs ákveður hvar og hvenær próf til aukinna ökuréttinda fer fram.

Skilyrði til próftöku er að umsækjandi:

- a) hafi lokið námi í ökuskóla, sbr. 2. mgr. 16. gr.,
- b) hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar, gerst brotlegur við ákvæði um neyslu eða meðferð áfengra drykkja eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti, og
- c) hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Leita skal álits hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., á því hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til próftöku, sbr. 5. og 6. gr.

Próf er fræðilegt og verklegt. Fræðilega prófið er skriflegt, en aksturprófið verklegt að öðru leyti en því að próftaki gerir stutta grein fyrir námsefninu og stjórn- og öryggistækjum bifreiðar í byrjun prófsins. Geti próftaki eigi með góðu móti tjáð sig á skriflegu prófi má heimila honum að taka hliðstætt próf munnlega.

16. gr.

36., 37. og 38. gr. falli niður, svo og fyrirsögn á undan 37. gr.

17. gr.

Í 2. mgr. 45. gr. falli niður „eða 38“.

18. gr.

Talan „22.“ í 5. gr. reglugerðar nr. 116 29. febrúar 1988 falli niður, svo og 6. gr. sömu reglugerðar.

19. gr.

Við 1. gr. reglugerðar um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl., nr. 634 30. desember 1991, bætist þrír nýir töluliðir á eftir 5. tl., sem orðist svo:

- | | |
|--|------------|
| 6. Próf til að stjórna vörubifreið | kr. 12 000 |
| 7. Próf til að stjórna hópþbifreið | kr. 12 000 |
| 8. Próf til að stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni | kr. 12 000 |

Núverandi 6. tl. verði 9. tl.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 325/1992 um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrklands.

1. gr.

3. málslíður 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Ennfremur skulu gilda um tollmeðferðina reglur nr. 440/1991 um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EB.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. falli brott.

3. gr.

Við upptalningu í lista I á vörum úr landbúnaðarhráefnum sem skv. 2. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar bætist tnr. 1806.9007.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. september 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.